




Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík



Reykjavík 15.05.2015

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 13. maí 2015 varðandi eftirfarandi mál.

Höfuðborgarsvæðið, þróunaráætlun 2015-2018


Lagt fram bréf samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 21. apríl 2015 þar sem óskað er eftir afgreiðslu Reykjavíkurborgar á tillögu að þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2018, fyrri hluti. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. maí 2015.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. maí 2015 samþykkt með sex atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Evu Indriðadóttur, fulltrúa þjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur, fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarssonar, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Júlíusar Vífils Ingvarssonar og Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Örn Sigurðsson

Fylgiskjal: umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. maí 2015.



Umhverfis- og skipulagsráð

Mál: Þróunaáætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2018, afgreiðsla fyrri hluta.

Vísað er til erindis Hrafnkels Proppé svæðisskipulagsstjóra, dagsett 21. apríl sl, þar sem óskað er eftir afgreiðslu Reykjavíkurborgar á heildaráætlun um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu fyrir árin 2015-2018. Áætlun þessi er unnin í samræmi við markmið svæðisskipulagsins um hagkvæman vöxt höfuðborgarsvæðisins (sbr. markmið 1.1) og markvissa innleiðingu stefnunnar (sbr. markmið 6.1). Áætlunin er unnin í samvinnu fulltrúa allra sveitarfélaganna og SSH og byggð á uppfærðri mannfjöldaspá fyrir höfuðborgarsvæðið.

Gerð fjögurra ára þróunaráætlana á vegum SSH, sem einnig munu fjalla um atvinnuhúsnæði og samgönguframkvæmdir, er lykilkáttur í að samræma áætlanir sveitarfélaganna hverju sinni og ákveðin leiðarvísir fyrir þau við gerð fjárhagsáætlana. Þróunaráætlanir til skemmri tíma gegni einnig því hlutverki að miðla upplýsingum um uppbyggingaráform út í samfélagið, til framkvæmdaáðila og annarra aðila á húsnæðismarkaði.

Misbrestur var á því að fylgja svæðisskipulaginu 2001-2024 eftir með framkvæmdaáætlunum til skemmri tíma (sjá t.d. skýrslu *Úttektarnefndar borgarstjórnar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar*, apríl 2013) og því mikilvægt að tryggja að slíkt endurtæki sig ekki. Því er skynsamlegt að leggja fram fyrstu útgáfu þróunaráætlunar um íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu, samhliða lokasamþykkt svæðisskipulagsins, en áætlunin mun fylgja svæðisskipulagstillögunni þegar það verður sent til staðfestingar á Skipulagsstofnun.

Fyrirliggjandi þróunaráætlun gerir grein fyrir núverandi stöðu á húsnæðismarkaði höfuðborgarsvæðisins, þróun undanfarinna ára og mati á íbúðarþörf næstu ára. Mikilvægt er að horfa á höfuðborgarsvæðið í heild sinni, sem einn húsnæðismarkað, og leggja fyrst og fremst áherslu á hvort fyrirhuguð uppbyggingu fari fram í miðlægum svæðum eða í útjaðri, sbr. markmið um þróun svæðisins, fremur en að horfa til skiptingar íbúðarmagnsins milli einstakra sveitarfélaga.

Mælt er með því fyrirliggjandi þróunaráætlun 2015-2018 verði samþykkt og fylgi tillögu að nýju svæðisskipulagi til staðfestingar á Skipulagsstofnun

Haraldur Sigurðsson